

KJÖRVARI 20

KJÖRVARI 20 er vatnsþynnaleg, hyljandi viðarvörn, sem ver viðinn niðurbroti af völdum sólarljóss. **KJÖRVARI 20** er gerður úr ljósheldum litarefnum, öflugum fúa- og rotvarnarefnum, blöndu af feitu alkýði og 100% akrýlemúlsjón, sem gefur teygjanlega filmu, án þess að viðarmynstur glatist. **KJÖRVARI 20** hefur frábært vatns- og veðrunarþol og hleypir raka úr viðnum auðveldlega gegnum sig.

KJÖRVARI 20 er ætlaður á hvers konar við utanhúss. Langbest viðarvörn fæst, ef viðurinn er málaður algjörlega óveðr-



KÓPAL GLITRA er sérlega hentug á stofur, ganga og svefnherbergi þar sem óskað er hálfmattrar áferðar.

aður. Jafnan skal grunna viðinn með glærum **KJÖRVARA 14** og mála svo tvær umferðir með **KJÖRVARA 20**.

Litir:

KJÖRVARI 20 er framleiddur í nokkrum STAÐALLITUM og að auki er boðið upp á mikinn fjölda lita með litun á stofnum.

Áferð:

Hálfgljáandi.

Málun:

Með pensli, rúllu eða sprautu.

Varúðarflokkur:

0 - 1.

Þynnir:

Vatn, ef þörf krefur, hámark 10%.

Hreinsun áhalda:

Með vægu sápuvatni, strax eftir notkun.

Þurrktími:

Um 1 klst. við 20°C.

Yfirmálun:

Eftir 5-7 klst.

Þykkt (flæðiseigja):

Um 80 KU (25°C).

Eðlismassi:

Um 1,05 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit.

Þurrefni:

Um 45 - 50% af massa eða um 39 - 44% af rúmmáli (reiknað). Fer eftir litum.

Efnisnotkun:

Um 0,10-0,20 l/m² í umferð á óheflaðan við, samsvarar um 39-75 µm meðalþurr-filmuþykkt. Um 0,07-0,10 l/m² í umferð á heflaðan við, samsvarar um 27-39 µm meðalþurrfilmuþykkt.

Hitastig við málun:

Minnst 5°C við flötinn.

